

Reglugerð fyrir Íslandsmót liða

4 og 6. grein

Úrslitakeppni 1. deildar karla/kvenna

Leikið er með bikarfyrikomulagi. Hver viðureign skal vera a.m.k. þrjú leikir með möguleika á fjórða leik til að fá úrslit og síðan framlengingu, sjá hér á eftir. Það lið sem fyrr vinnur þrjú leiki telst sigurvegari.

Ef skor liða er jafnt í einhverjum þessara leikja skulu liðin spila 9. og 10. ramma þar til úrslit liggja fyrir.

Fjögur efstu liðin eftir deildarkeppnina komast í úrslitakeppni þar sem spilað er skv. útsláttarfyrikomulagi, þ.e. lið 1 keppir við lið 4 og lið 2 keppir við lið 3.

Leiknar skulu tvær viðureignir, Leikið er heima og heiman, og fær hærra liðið heimaleik fyrst. Það lið sigrar sem fyrr vinnur tvær viðureignir. Ráðast úrslit af stigum liðanna eftir þessar 2 viðureignir, ef lið eru jöfn skal þinnafall ráða. Sigurvegarar úr þessum tveim viðureignum skulu leika þrjú viðureignir heima og heiman.

Liðið sem varð hærra í deildarkeppninni skal eiga heimaleik fyrst og svo til skiptis. Það liðið sem fyrr vinnur þrjú viðureignir hlýtur fleiri stig úr þessum þremur viðureignum hlýtur titilinn „Íslandsmeistarar liða í karlaflokki“. Ef lið verða jöfn að stigum skal hærra þinnafall í fyrrgreindum þrem viðureignum ráða.

Reglugerð fyrir mótanefnd

8. grein

Mótanefnd skal vinna að skipulagi móta KLÍ. Mótafyrirkomulag skal sent stjórn KLÍ til samþykktar, eigi síðar en 15. júlí ár hvert. Skipulag þetta skal unnið í samstarfi við landsliðsnefnd, unglinganefnd og keilufélögin. Dagskrá vetrarins skal vera kynnt eigi síðar en 1. ágúst hvert ár. Kynning skal fara fram á vef sambandsins og send keilufélögum.

Reglugerð fyrir Íslandsmót einstaklinga

2. grein

Keppt skal með og án forgjafar. Forgjöf er 80% af mismun 300 200.

8. grein

Einstaklingskeppni með forgjöf
Forkeppni

Allir keppendur leika 8 leiki 4 leiki, 4 leiki fyrrri daginn og fjóra leiki seinni daginn í senn. Skorið úr forkeppninni fylgir í milliriðil

Reglugerð fyrir Félagakeppni

4. grein

Stigagjöf:

Í hverri viðureign er leikinn einn leikur (þ.e. 4 leikmenn x 1 leikur) og teljast stig þannig fyrir viðureignina: Hver leikmaður getur unnið sér inn 1 stig í hverjum leik (samtals 4 stig), hvor tvímenningur getur unnið sér inn 2 stig (samtals 4 stig) og liðið í heild getur unnið sér inn 1 stig, þetta gerir heildar stigafjölda 9. Verði jafntefli skal skipta stigum.

Ef jafnt er að stigum að lokum öllum umferðunum sker heildarskopr úr keppninni úr um sæti, þ.e. það félag sem er með hærra skor hlýtur efra sætið.